


MONITOR

ICELAND AIRWAVES



**FRÍTT
EINTAK**

ALLT UM TÓNLISTARHÁTÍÐINA ICELAND AIRWAVES Í REYKJAVÍK 12. - 16. OKTÓBER 2011



Náðu í Airwaves appið

fyrst & fremst

SÆLIR NILLI

Fyrstu sex: 121293.
Uppáhaldsrappari: 50 Cent.
Uppáhaldsöperu-söngvari: Giuseppe Di Stefano.
Uppáhaldsþátta-stjórnandi: Björn Bragi.
Uppáhaldsmatur: Lambakjöt með bernaise-sósu og humar.
Uppáhaldsdýr: Svín.

NILLI NYBÚINN
AD BANGA CHICKS


Hver er

næstur í röðinni?

Nú þegar **Iceland Airwaves** nálgast óðfluga er við hæfi að rifja upp þegar **Nilli** var uppgötvaður fyrir ári síðan. Hann var réttur maður á réttum stað þegar **Monitor** tók púlsinn á tónlistarþyrstum hátíðargestum.

„Þetta breytti lífi mínu svo sannarlega. Ég hélt fyrst að ég væri búinn að gera einhver risastór mistök en svo reyndist raunin önnur. Ég er mjög sáttur við lífið í dag. Ég á góða vini, er í góðri vinnu og góðum skóla. Ég er búinn að hitta nunnur, klífa fjöll, fara á hestbak og láta kú skíta fyrir framan mig. Ég er búinn að upplifa ansi margt,“ segir Nilli glaður í bragði er hann rifjar upp árið sem liðið er síðan hann var uppgötvaður í röð á Airwaves en þá rappaði hann fyrir Monitor-myndavélarnar. „Ég var reyndar ekki á Airwaves-hátíðinni þetta kvöld heldur vorum við vinirnir að fagna honum Vilhelm, vini okkar, sem stóð sig svo vel í Óróa. Við vorum á leiðinni á Obladi Oblada þegar við rákumst á MH-inga sem

stóðu í röð. Svo þegar myndavélarnar komu þá lumaði ég á rimu sem ég hafði samið í 10. bekk. Hana samdi ég þegar það vantaði atriði á árs hátíð Valhúsaskóla.“

Var alveg sannur aðdáandi

Í myndbandinu góða lýsir Nilli yfir aðdáun sinni á tónlistarmanninum Berndsen sem brást skjótt við og gaf Nilla bolinn sinn. „Það hefur ekkert breyst. Mér finnst Berndsen mjög skemmtilegur. Hann gerir svona öðruvísi tónlist. Hann er svolítið í þessu „80's“ og taktarnir hans eru svo stórskemmtilegir. Nýja lagið hans, Úlfur, Úlfur, er alveg frábært lag. Það er alveg hægt að tjútta við það en mér finnst Supertime samt alltaf vera

alveg málið. Mér finnst líka lagið sem hann var að gera með Þórunni Antoníu alveg stórskemmtilegt. Hún getur sungið, blessunin.

Monitor verður að sjálfsögðu á ferðinni þetta árið líka. Þó svo að fólk kunnir orðið að nýta sér raðamyndavélarnar frá Símanum þá má samt búast við því að einhverjar raðir myndist og því er það bara spurningin hvort einhver verði uppgötvaður þetta árið. Ef það gerist þá lumar Nilli á góðum ráðum í það minnsta. „Verið þið sjálf, fyrst og fremst, því það er náttúrliga stórskemmtilegast. Svo er tilvalið að vera ófeiminn við að taka því sem þú færð upp í hendurnar því að mér fannst þetta alveg geggjað sem gerðist. Þetta er svo stórskemmtileg vinna.“

Monitor mælir með

FYRIR PARTÍÐ

Það gerir hátíðina enn hátíðlegri að hittast á góðum stað og hlusta á lög hljómsveitanna og listamanna sem sjá á það kvöldið. Þá er jafnvel hægt að skoða textana líka og ákveða hvar syngja eigi með hástöfum.


FYRIR FRAMTÍÐINA

Það er bannað að gleyma myndavélinni heima. Auðvitað eru margir með eina slíka í símanum nú til dags en ef að tónleikarnir snerta streng í hjartanu þá þarftu að geta tekið mynd til að geta rifjað upp sælutilfinninguna seinna meir.

FYRIR RÖÐINA

Það er óhjákvæmilegt að þurfa að standa í röð í einhverja stund á Airwaves. Þar sem nú er kominn október þá er orðið frekar kalt í veðri og því er nauðsynlegt að hafa með sér hlýja flík. En hún má ekki vera verðmæt því hún gæti skemmt í látunum þegar inn er komið eða henni stolið, leggir þú hana frá þér.



Vikan á... facebook

PORQUESÍ
Er waves í ár? Við erum að minnsta kosti á Airwaves í ár!

5. október kl. 15:07

Thorunn Antonia Magnusdóttir
Það eru akkurat 3 ár síðan ég og Ágúst Bent kysstumst fyrst í afmælinu hjá

Hildur Sif Kristborgardóttir. Stór dagur í dag.)

5. október kl. 12:57

David Berndsen
Var á æfingu með Bubba áðan, þýðir það ekki að maður sé búinn að meika það?

4. október kl. 15:48

Feitast í blaðinu

Lay Low og Sigriður Thorlacius, Hjaltalín etja kappi í spurningakeppni. >>>4

Björk Guðmundsdóttir saknar oft skafrenningsins og Vesturbæjarlaugar. >>>15

Biggi Veira og félagar hans í **Gus-Gus** leggja mikið upp úr góðu hljóðkerfi. >>>22

Lára og Tóti úr **Agent Fresco** sína **Stílnum** hvernig á að klæða sig á sviði. >>>24

Ofurtöfvarinn **Mugison** rifjar upp tíu eftirminnilegustu augnablikin á ferlinum. >>>28

Efst í huga Monitor

Viðbúinn, tilbúinn?

Næsta miðvikudag hefst stærsta tónlistarveisla á Íslandi. Áhöfn Monitor-skútunnar vill leggja sitt af mörkum í að gera hátíðinni góð skil. Því bjóðum við ykkur upp á spikfeitt Airwaves-blað í dag með farsælustu tónlistarkonu Íslands-sögunnar á forsiðunni. Fleiri tugir íslenskra listamanna taka þátt í hátíðinni og því var erfitt að velja hvaða hljómsveitir ættu heima í blaðinu. Það var því gert mestmegnis af handahófi en útkoman sýnir um leið hvað úrvalið er fjölbreytt; allir ættu að finna eitthvað við sitt hæfi.

Undirbúningurinn okkar hefur vissulega verið einhver en ekki í líkingu við þann hjá þeim sem skipuleggja hátíðina. Við vinnslu blaðsins höfum við verið í góðu

ICELAND AIRWAVES
October 12 - 16


sambandi við fólkíð sem kemur að festivalinu, bæði fólkíð hjá Iceland Airwaves og eins kostendur hátíðarinnar. Það má hæglega sjá að alvaran er algjör og metnaðurinn við það að búa til tónlistarhátíð sem laðar til sín umul af erlendum ferðamönnum, fréttamönnum og tónlistarmönnum er í hámarki. Eins er auðvitað öllu til tjaldað svo að þetta verði sem bestur vettvangur fyrir íslenska listamenn að sanna sig á alþjóða vísu.

Nú er undirbúningurinn brátt á enda hjá þessu fólkí sem hefur unnið lengi að hátíðinni og eins má gera ráð fyrir því að allir tónlistarmennirnir kosti öllu til við að gera upplifun gesta sem besta. Nú er ekki seinna vænna fyrir Airwaves-gesti að byrja sinn undirbúning. Það er vonandi að þetta blað hjálpi til við það og komi þér í góðan Airwaves-gír. Góða skemmtun.

ER WAVES?

Þær **Sigríður Thorlacius** og **Lay Low** eru báðar mjög hógværar um þekkingu sína á dægurlagatónlist. Þær mættust í æsispennandi spurningakeppni sem þær vonuðust eftir að færi jafntefli.



1. HVAÐA ÁR VAR ICELAND AIRWAVES FYRST HALDIN?
2. HVER SÖNG AÐALLAG KVÍKMYNDARINNAR FREE WILLY, SEM BAR NAFNIÐ WILL YOU BE THERE?
3. HVERS LENSK ER SÖNGKONAN SINEAD O'CONNOR SEM TREDUR UPP Á AIRWAVES Í ÁR?
4. HVAÐ HEITIR NÝJASTA PLATAN HANS MUGISON?
5. HVER SÖNG LAGIÐ SJÚBBÍDÚ, SEM VAR FRAMLAG ÍSLANDS TIL EUROVISION ÁRIÐ 1996?
6. VIÐ HVAÐA GÖTU ER SKEMMTISTADURINN NASA?
7. ÞEGAR BRESKA SVEITIN BLOC PARTY TRÓÐ UPP Á AIRWAVES HAUSTIÐ 2007 FÉKK FRAMHALDSSKÓLI EINN Á HÖFUÐBORGARSVÆÐINU SVEITINA TIL AÐ KOMA FRAM Í HÚSAKYNNUM SÍNUM. HVAÐA SKÓLI VAR ÞAÐ?
8. HVER ER NÆSTSTÆRSTI SALURINN Í HÖRPU?
9. HVER SAMDI PRUMPULAGIÐ SEM GERÐI ALLT VITLAUST ÁRIÐ 1997?
10. Líkt og hvaða fugl upp úr djúpinu rís diskódísinn sem sungið er um í laginu Það geta ekki allir verið gordjöss?
11. HVER SÖNG TITILLAG MYNDARINNAR STELLA Í ORLOFI?
12. HVAÐA PLATA VAR ÚTNEFND PLATA ÁRSINS Á SÍÐUSTU HLUSTENDAVERÐLAUNUM FM957?



Sigríður Thorlacius

1. Bíddu nú við, getur verið að það hafi verið '99? **RÉTT**
2. Ég veit það ekki.
3. Hún er írsk. **RÉTT**
4. Ég var að hlusta á hana í útvarpinu áðan. Heitir hún ekki bara Haglé? **RÉTT**
5. Anna Mjöll Ólafsdóttir. **RÉTT**
6. Ingólfsstræti.
7. Getur verið að það hafi verið FB?
8. Það er Silfurberg. **RÉTT**
9. Dr. Gunní. **RÉTT**
10. Líkt og fuglinn fönix. **RÉTT**
11. Diddú. **RÉTT**
12. Þarna fórstu með mig, var það platan hans Friðriks Dórs?

8 stíg

Lovísa E. Sigrúnardóttir

1. Ég myndi halda að það væri svolítið síðan. Ég ætla að prufa að segja árið 1998.
2. Ég veit þetta, Michael Jackson. **RÉTT**
3. Hún er írsk eða skosk. Hún er írsk. **RÉTT**
4. Hún heitir Haglé. **RÉTT**
5. Var það Anna Mjöll? **RÉTT**
6. Ég hef ekki hugmynd. Ég myndi bara segja við Austurvöll, þótt ég viti að það sé ekki rétt.
7. Var það MH? Maður giskar bara á sinn gamla skóla.
8. Silfurberg. **RÉTT**
9. Það var nú örugglega Dr. Gunní. **RÉTT**
10. Er það ekki bara ljóti andarunginn (hlær)?
11. Var það Ragga Gísla?
12. Platan hans Friðriks Dórs?

6 stíg

Hefði verið til í jafntefli

„Ég var eiginlega alveg viss um að Lovísa vissi meira en ég, hún var reyndar viss um að ég vissi meira en hún. Við óskuðum hvor annarri góðs gengis og vonuðumst jafnvel til að hin myndi vinna, held ég. Mér finnst þetta fínt en hefði alveg verið til í að hafa bara jafntefli. Það er allt keppnissemi í mér.“

Sigríður Thorlacius, 3. október 2011.



NÁTTÚRULEGA

Hér fer ICELAND AIRWAVES fram

Ekki villast

Í Airwaves appinu er kort sem getur hjálpað þér að rata á milli tónleikastaða



Vertu á réttum stað

Airwaves gæti varla farið fram nema það væru einhverjir staðir niðri í bæ til að hýsa tónleika. Hér má sjá helstu **tónleikastaðina**.



Harpa

Austurbakki 2, 101 Reykjavík

Opnað: Maí 2011.

Fjöldi í Kaldalón: 180 manns.

Fjöldi Norðurljós: 700 manns.

Fjöldi Silfurberg: 850 manns.

Fjöldi Eldborg: 1200 manns.

Fjórir salir verða notaðir undir Airwaves hátíðina. Norðurljós og Kaldalón verða mest notaðir en Sinfóníuhljómsveit Íslands mun spila í Eldborg og Björk í Silfurbergi.

Gaukur á Stöng

Tryggvagata 22, 101 Reykjavík

Opnaður: 1983.

Opnað aftur: 2011.

Fjöldi: 300-400 manns.

Gaukurinn var fyrsti staðurinn í Reykjavík til að hýsa lifandi tónlist öll kvöld vikunnar og þar tróðu The Shins upp árið 2004.

NASA

Austurvöllur, 101 Reykjavík

Opnað: 2001.

Fjöldi: 550-650 manns.

Nasa var áður skemmtistaðurinn Sigtún og einnig salur Sjálfstæðisflokksins. Árið 2005 spilaði hljómsveitin Ratatat þar á Airwaves.

Iðnó

Vonarstræti 3, 101 Reykjavík

Byggt: 1897.

Fjöldi: 300-350 manns.

Frændsystkinin Ólafur Arnalds og Ólöf Arnalds hafa bæði troðið upp í Iðnó á Airwaves. Hann árið 2009 og hún árið 2006.

Tjarnarbíó

Tjarnargata 12, 101 Reykjavík

Byggt: 1913.

Fjöldi: 270-300 manns.

Tjarnarbíó var upphaflega notað til að geyma ís en var breytt í kvikmyndahús árið 1942. Í fyrra var húsið endurgert sérstaklega fyrir leikrit, tónleika og kvikmyndasýningar.

Faktórý

Smiðjustígur 6, 101 Reykjavík

Opnað: 2010.

Fjöldi: 250-300 manns.

Faktórý var áður Grand Rokk sem hýsti marga eftirminnilega Airwaves-tónleika eins og tónleika Jakobínarínu árið 2005 og Sprengjuhallarinnar árið 2006.

Café Amsterdam

Hafnarstræti 5, 101 Reykjavík

Fjöldi: 180-200 manns.

Café Amsterdam mun sjá um að hýsa hljómsveitirnar með mesta hávaðann. Rokk og ról.



Listasafn Reykjavíkur

Tryggvagata 17, 101 Reykjavík

Opnað: 1973.

Fjöldi: 1100-1200 manns.

Listasafnið hýsir ár hvert margar stórar hljómsveitir. Florence and the Machine spiluðu þar á Airwaves árið 2008.

Glaumbar

Tryggvagata 20, 101 Reykjavík

Enduropnaður: Ágúst 2011.

Fjöldi: 180-200.

Staðurinn var opnaður á nýjan leik í sumar undir Glaumbar-nafninu. Áður var staðurinn þekktur fyrir fimm í fötu og slagorðið „þá sjaldan maður lyftir sér upp.“

Fríkirkjan

Fríkirkjuvegur 5, 101 Reykjavík

Byggt: 1901.

Fjöldi: 450 manns.

Kirkjan mun þetta árið hýsa tónleika írsku söngkonunnar Sinead O'Connor. Eftirminnilegt er þegar Sigur Rós hélt þar tónleika árið 2000 og King of Convenience árið 2009.

Tónlistaralki

Að semja eitt lag á dag og tónlist fyrir Hollywood-mynd eru dæmi um það sem **Ólafur Arnalds** hefur aðhafst á síðustu misserum.

Þú spilar í Norðurljósum í Hörpu á Airwaves. Það færir þér kannski ekki að spila á sveittum bar?

Það getur myndast skemmtileg stemning þegar maður setur svona tónlist inn í umhverfi sem hún á ekki að vera í. Það er áhættusamt en sumir af mínum uppáhaldstónleikjum hafa verið á skítugum börum. Fólk sest bara á gólf og gerir barinn að tónleikasal.

Fríðrik Dór mun meðal annars spila lög sem hann hefur gert í samstarfi við þig. Er þetta þín leið til að fá útrás?

Já, ég laumast í poppið inn á milli þegar ég fæ leið á því sem ég er að gera. Mér finnst gaman að gera tónlist þó það sé vinna mín þannig að fríð mitt er að gera aðra tónlist en ég geri vanalega.

Hvernig gengur með „Living Room Songs“?

Það gengur ótrúlega vel. Fyrsta lagið kom út á mánudaginn og það kemur út lag á dag út vikuna. Vefsíðuhönnuðurinn minn sagði mér að yfir 5.000 manns hefðu póstað þessu á Facebook-ið sitt, svo þetta dreifðist eins og einhver veira.

Svo varstu að semja tónlist fyrir bíómynd, ekki satt?

Ég gerði tónlist fyrir tvær bíómyndir á síðasta ári, Óróa og bandarísku Hollywood-myndina, Another Happy Day, sem kemur út í nóvember. Mér finnst þetta mjög skemmtilegt og það hentar mér mjög vel að semja tónlist við fyrirfram ákveðnar aðstæður.

Svo ertu með tónleika í Hörpu 17. desember. Verður öllu til tjaldað? Ég flýg ljósamanninum mínum og öllu mínu starfslíði til landsins svo við getum gert þetta eins og við gerum það í útlöndum.

Þú ert búinn að spila rúmlega 300 tónleika á síðustu þremur árum. Er það ekkert erfitt? Ég er vinnualki, vil ég meina. En þetta borgar sig allt saman þangað til ég enda einn einhvers staðar sem fjölskyldulaus vinnualki.

jnj

ÓLAFUR HELDUR ÁFRAM AÐ SPILA ÞAR
TIL HANN VERÐUR FJÖLSKYLDULAUS



Sjáðu

Skannaðu og sjáðu viðtal við Ólaf Arnalds



Mynd/Kristinn

Beint úr flugi á Airwaves

Kjartan Holm gítarleikari í **For a Minor Reflection** sagði **Monitor** frá fimm daga Airwaves-djamminu.

Hvernig upplifir þú Airwaves?

Mér finnst hátíðin sníll eins og öllum öðrum Íslendingum, held ég. Þetta eru fimm dagar af djamm og hellingur af böndum, allir voða glaðir. Þetta er svolítið eins og jólin komi snemma, eða eitthvað álíka klisjukennt.

Er einhver öðruvísi stemning yfir Airwaves-gíggunum heldur en öðrum gíggum niðri í miðbæ?

Já, það vilja allir sanna sig geðveikt mikið á Airwaves af því að þarna er svo mikið af bransaliði og blaðamönnum svo ég held að það leggi allir miklu meira þúður í Airwaves-gígginn sín. Það sem mér finnst líka svo skemmtilegt er að það er alltaf svo mikið af fólki. Það getur verið erfitt að spila í fámenni. Svo er það bara spennan sem er í loftinu og gleðin.

Í fyrra var skrifað í blaðið Telegraph að þið hefðuð sprengt þakið af Íðnó. Er þetta satt?

Ekki bókstaflega en stemningin var allavega geðveik, þetta var ógeðslega gaman. Við vorum á Evróputúr fyrir þetta og flugin okkar seinkaði alveg massíft svo við enduðum á að missa af sándtékkinu og brunuðum bara beint af flugvellingum á gíggjó. Við vorum sem sagt geðveikt spenntr og í hálfgerðu sjokki hugsa ég.

Hvað hefur For a Minor Reflection fengist við á árinu?

Við erum búnir að vera að ferðast slatta, fórum meðal annars til Kína, Bandaríkjanna og Evróputúr. Síðan vorum við að klára að taka upp smáskífu og hún kemur út seinna í þessum mánuði.

Þið eruð nú á leið út til Los Angeles fyrir Airwaves. Vonist þið til að það verði seinkun á heimkomunni svo þið mætið beint af flugvellingum á gíggjó eins og í fyrra?

Míðað við hvað það gekk vel í fyrra, eigum við þá ekki bara að segja það?

elg

ÞAD MYNDI HENTA ÞEIM VEL EF
AIRWAVES FÆRI ENN FRAM Í FLUGSKÝLI



Sjáðu

Skannaðu og sjáðu viðtal við For a minor reflection



Mynd/Kristinn

Velkomin
í afmæli
6.-10.
október

ENNEEM / SJA / NM4871

Við bjóðum alla hjartanlega velkomna í fimm daga afmælisveislu. Fjölbreytt skemmtidagskrá og frábær afmælistilboð fyrir alla fjölskylduna.

Láttu sjá þig í afmæli ársins!

10 Smáralind ára

Frábær
afmælistilboð
fyrir alla
fjölskylduna

Nánari
upplýsingar á
smaralind.is

 Smáralind

smaralind.is

Verðslanir opnar: Virka daga 11-19 Fimmtudaga 11-21 Laugardaga 11-18 Sunnudaga 13-18

INNFLUTTAR GÆÐAVÖRUR

Eins og **Airwaves**-hátíðinni er von og vísa inniheldur hún nóg af flottum erlendum sem innlendum listamönnum í ár. **Monitor** tók saman nokkur eftirtektarverð útlensk bönd.



Dope D.O.D.

Uppruni: Groningen, Hollandi.
Starfandi frá: 2008.
Hlustaðu á þetta lag: What happened.

Rapparnir frá Hollandi eru engin lömb að leika við, að minnsta kosti ekki af útliti þeirra að dæma. Þeir koma fram undir listamannanöfnunum Dopey Rotten, Skits Vicious og Jay Reaper en fyrstu tvö nöfnin eru vísanir í Sex Pistols. Þeir eru sagðir undir áhrifum frá sínum afrísku og bresku rötum en rappið þeirra þykir svipa til hins breska hráa rappstíls með nýstárlegum blæ.



tUnE-yArDs

Uppruni: Connecticut, Bandaríkjunum.

Starfandi frá: 2006.
Hlustaðu á þetta lag: Bizness.

tUnE-yArDs er sölóverkefni hjá hinna bandarísku Merrill Garbus.

Hún er sögð spila tilraunakennda og framsækna R&B-tónlist þar sem hún notast meðal annars við hljóðfæri á borð við ukulele og auk þess að syngja. Hún hefur gefið út tvær breiðskífur, sú nýrri kom út síðastliðið vor.



Totally Enormous Extinct Dinosaurs

Uppruni: Oxford, Englandi.
Starfandi frá: 2007.

Hlustaðu á þetta lag: Household Goods.

Totally Enormous Extinct Dinosaurs, eða TEED, er sölóverkefni hans Orlando Higginbottom sem er alinn upp af tónlistarkennara í Oxford. Hann leikur raftónlist sem minnir um margt á Hot Chip sem á án efa eftir að fá gesti Airwaves til að tjúta villt og galið.



Beach House

Uppruni: Baltimore, Bandaríkjunum.
Hlustaðu á þetta lag: Zebra.
Starfandi frá: 2004.

Dúettinn Beach House samanstendur af hinni franskættuðu Victoria Legrand og Alex Scall. Þau eru sögð spila draumskotið popp og víða er tekið fram að þau séu ekki par. Bandið hefur gefið út þrjár breiðskífur og kom sú nýjasta, Teen Dreams, út í janúar á síðasta ári.



SBTRKT

Uppruni: London, Englandi.

Starfandi frá: 2008.
Hlustaðu á þetta lag: Wildfire.

Aaron Jerome er tónlistarmaður og próducent sem kemur fram undir hinu skrýtna listamannsnafninu SBTRKT, sem samkvæmt gárungum er borið fram „subtrakt“. Hann hefur getið sér gott orð sem raftónlistarmaður sem daðrar við síð-döbbstepp og er þekktur fyrir að koma fram grímuklæddur.



Allsherjar tónlistarkynsvall

Eygló Scheving, söngkona hljómsveitarinnar **Vicky**, er með fiðring í maganum fyrir skemmtilegustu helgi ársins að hennar mati og nýrri plötu hljómsveitarinnar sem kemur út korter í **Airwaves**.

Hvernig upplifir þú Airwaves?

Ég er strax komin með fiðring í magann, eða það er dálítið langt síðan, og mér finnst þetta skemmtilegasta helgi ársins. Þetta er algjört æði, mikið líf og allt öðruvísi heldur en allar aðrar helgar.

Er einhver öðruvísi stemning yfir Airwaves-giggnum heldur en öðrum giggum niðri í miðbæ?

Algjörlega, það er yfirleitt allt troðið og það eru allir þarna til þess að hlusta á tónlist. Þetta er eitt allherjar tónlistarkynsvall. Það er allt annar fílingur yfir öllu, manni líður svolítið eins og maður sé í útlöndum að spila.

Þið eruð að gefa út plötu. Hvað getur þú sagt mér um þessa aðra plötu ykkar? Var það meðvitað pæling að gefa hana út í Airwaves-víkunni?

Hún heitir Cast a Light og er tekin upp í Tankinum í Önunderfirði en hljóðblönduð og masteruð í Bandaríkjunum. Þetta hljómar allt fánlega vel og við erum spennt fyrir að gefa hana út. Hún átti nú upphaflega að koma út í vor þannig að það var alls ekki útpælt en markmiðið var að koma henni út fyrir Airwaves. Það er skemmtilegt að hafa hana í höndunum á Airwaves heldur en eftir hátíðina.

Fyrir á árinu byrjuðu þið með vefblóggjó Vicky Leaks. Þar hafa þó bara birst tvær færslur, gengur þetta ekki nógu vel?

Þetta er allt í vinnslu (hlær). Það kemur nýtt Vicky Leaks bráðum, við ætlum allavega að gera eitt í kringum útgáfuna. Það er allt í fullum gangi.

Við hverju má búast frá ykkur á Airwaves?

Við ætlum að kynna nýtt efni og erum búin að æfa stíft fyrir það. Svö tökum við líka akústík gigg sem verður mjög spennandi, þetta verða einhver stórkostlegheit.

elg



ÞAÐ LIGGR ALDEILIS VEL
Á KRÖKKUNUM Í VICKY



Sjáðu

Skannaðu og sjáðu meira um Vicky. Þau spila bæði on og off venue, þú getur flett þeim upp í appinu.

LANCÔME

PARIS

Fyrsti „doll eyes“ maskarinn

HYPNÔSE DOLL EYES

HRÍFANDI AUGNHÁR - OPNARA AUGNARÁÐ

Þéttir, lengir og lyftir augnhárunum fyrir enn opnara augnaráð.

 www.facebook.com/Lancôme-Iceland

NÝTT
Nýr mjög nákvæmur bursti.
Opnara augnaráð.



Opnum

nýja verslun í Smáralind



**AÐEINS
10 STK**

MacBook Air 11"
128GB Flash / 4GB vinnsluminni / 1kg.
Opnunartilboð: 159.990.-
Listaverð: 229.990.-



**AÐEINS
15 STK**

iPad 16GB WiFi hvítur
Hinn fullkomni ferðafélagi
Opnunartilboð: 69.990.-
Listaverð: 84.990.-



**AÐEINS
5 STK**

iPod Touch 8GB
Lófatölva
Opnunartilboð: 43.990.-
Listaverð: 59.990.-



**NANOWATCH
FYLGIR MEÐ
FYRSTU 30 STK**

iPod nano 16GB
Tónlist, hljóðbækur, podvörp, ljósmyndir, FM-útvarp
Opnunartilboð: 29.990.-
Listaverð: 43.990.-



Apple Battery Charger
Sex AA rafhlöður fylgja
Opnunartilboð: 3.990.-
Listaverð: 5.990.-



iPal - Tivoli Audio
Ferðaútlit / hátalari
Opnunartilboð: 29.990.-
Listaverð: 39.990.-



iLuv hátalarar
Fyrir iPod/iPhone/iPad
Opnunartilboð: 20% afsláttur



Kimmidoll collection
Töskur/hlífar fyrir iPad/iPhone 4
Opnunartilboð: 25% afsláttur



Macally
Ýmsir aukahlutir
Opnunartilboð: Macally heyrnartól fylgja fyrstu 50 keyptum macally vörum á tilboðsdögum.



Brenthaven - fartölvutöskur
Ýmsar gerðir
Almennt verð: frá: 8.990.-
Opnunartilboð: 40% afsláttur



Walk On Water
Glæsilegar töskur
Verð frá: 6.990.-
Opnunartilboð: WOW veski fylgja fyrstu 30 keyptum macally vörum á tilboðsdögum.



iSkin
Hlífar fyrir iPad/iPhone
Verð frá: 5.490.-
Opnunartilboð: iSkin heyrnartól fylgja öllum iSkin vörum



Skully - hátalari
Fyrir iPod/iPhone/iPad
Almennt verð: 4.990.-
Opnunartilboð: 20% afsláttur



MIMOBOT USB lyklar
4GB minnislykill frá MIMOBOT
Almennt verð: 4.990.-
Opnunartilboð: 20% afsláttur



Sennheiser HD 418
Heyrnartól
Almennt verð: 9.990.-
Opnunartilboð: 25% afsláttur



Sennheiser RS 120
Heyrnartól
Almennt verð: 9.990.-
Opnunartilboð: 20% afsláttur

epli.is
LUKKULEIKUR

Í tilefni opnun nýrrar verslunar í Smáralind verður lukkuleikur í gangi til 13. október n.k.

Skráningareyðublöð liggja í verslun okkar í Smáralind.

Í dag

**KLUKKAN
11:00**

MacBook Air 11,6"

1,6GHz Dual-Core Intel Core i5
2GB vinnsluminni
64GB SSD diskur
Thunderbolt tengi (10Gbps)
Innbyggt Wi-Fi og Bluetooth
Þyngd 1,08 kg / Rafhlaða allt að 5 klst.
Íslenskt lyklaborð með baklýsingu

Opnunartilboð:

139.990.-

Listaverð: 179.990.-



iPhone 4 16GB



Opnunartilboð:

89.990.-

Listaverð: 119.990.-

**AÐEINS
10STK**



iMac 21,5"

2,5GHz fjögurra-kjarna Intel Core i5
4GB DDR3 vinnsluminni
500GB harður diskur
AMD Radeon HD 6750M 512MB
Þráðlaust íslenskt lyklaborð og mús

Opnunartilboð:

199.990.-

Listaverð: 224.990.-

epli.is

Smáralind

Opnunartímar

Virka daga 11-19 | Fimmtudaga 11 - 21 | Laugardaga 11 - 18
Sunnudaga 13 - 18 | Sími 512 1300 | www.epli.is



NÁÐU ÞÉR Í NÝJA N1 APPIÐ



ÞETTA GERIR ÞÚ MEÐ N1 APPINU

- Kaupir eldsneyti á N1 stöðvum
- Finnur næstu N1 stöð á korti
- Skoðar færslur og punktastöðu
- Skoðar eldsneytisverðið
- Skoðar N1 kortatilboð
- Finnur rétt dekk eftir bílnúmeri

Fylgstu vel með, það eru fleiri nýjungar í N1 appinu handan við hornið!



DEKK



LÍFIÐ



TILBOÐ



MITT N1



ELDSNEYTI



STADIR

N1

Appaðu þig í gang



Skilur ekki djassálögin



Viðtalið



Á unglingsárunum tókst þú þátt í pönkinu og nýbylgjunni. Hvað heillaði þig við þá senu?

Mér fannst svona þessi DIY-andi („do it yourself“) mest spennandi.

Hvenær varð þér ljóst að þú hygðist leggja tónlistina algjörlega fyrir þig?

Það markast ekkert við eitthvað eitt svona sérstakt móment, þetta þróaðist bara. Mig var nú samt snemma farið að gruna að ég myndi gera eitthvað sem væri að minnsta kosti tengt tónlist, til dæmis útvarpsþátt eða vinna með eða í tónlistarskóla, sem ég er nú eiginlega að gera núna.

Þú hefur ávallt lagt mikið upp úr flottum tónlistarmyndböndum og þar á meðal hefur þú gefið út sjö myndbönd í samvinnu við leikstjóran Michel Gondry. Er samstarf ykkar tveggja sérstakara en samstarfið við aðra leikstjóra?

Michel er mjög góður vinur minn sem ég held ennþá sambandi við en ég á nú líka mjög sérstakt samband við Chris Cunningham og Spike Jonze, til dæmis, og samstarf mitt við þá hefur verið mjög gott.

GOÐ Í AUGUM ANNARRA GOÐA

Hljómsveitin Radiohead hefur getið sér gott orð í tónlistarheiminum og vilja margir jafnvel nefna hana til leiks sem bestu hljómsveit samtímans. Í augum hörðustu aðdáenda sveitarinnar er forsprakinn Thom Yorke algjört goð. Þess má þó til gamans geta að sá hefur sjálfur látið út úr sér opinberlega að lagið Unravel úr smíðju Björkar sé uppáhaldslag hans í heiminum. Árið 2007 „coveraði“ Radiohead jafnframt lagið sem finna má á YouTube. Björk og Yorke hafa sungið saman inn á upptökum, meðal annars í laginu I've Seen It All úr Dancer in the Dark.



900 FERMETRA KJÓLL

Árið 2004 kom Björk fram á setningarathöfn Ólympíuleikanna í Aþenu. Atriðið var stórbrotið en þar flutti hún lagið Oceania sem var samið sérstaklega fyrir þetta tilefni en texta lagsins samdi skáldið Sjón. Á meðan á flutningi lagsins stóð flæddi 900 fermetra framlenging af kjólum sem hún klæddist yfir endilangan íþróttavöllinn og haldi skarann af íþróttamónum sem stóð á vellinum. Í lokin var heimskorti varpað á efnið og varð útkoman mikið sjónarspil.

Þú komst fram á stærsta íþróttaviðburði heims, Ólympíuleikunum, í Aþenu árið 2004. Hvernig kom það til? Hefur þú áhuga á íþróttum?

Þetta var eitthvað sem ég var beðin um og mér fannst rosa skemmtilegt að gera. Þælingin á bak við kjólinn sem ég klæddist var að hann var eins og hafði sem tengir allar þjóðir. Ég hef sjálf ekki mikinn áhuga íþróttum, nei.

Hlustar þú mikið á tónlist í frístundum heima hjá þér?

Já, ég hlusta á allavega tónlist. Ég hlusta á „soul“-tónlist frá Tælandi, klassíska tónlist, elektróníska „experimental“, „R'n'B“, popptónlist, „folk“.

Átt þú þér einhver áhugamál utan tónlistarinnar sem þú sinnir í frístundum þínum?

Ég þarf alltaf að vera mikið úti við, eins og að fara í göngutúra, hjóla, fara í sund og allt þess lags. Það hjálpar mér mikið.

Heimildir herma að þú hafir selt eitthvað um fimmtán milljónir platna um allan heim. Hvað hyggst þú halda áfram að gefa út tónlist lengi?

Ég hef engin svoleiðis plön, maður bara ímprovísarar svona jafnt og þétt.

Þegar þú dvelur erlendis eða ert á heimsflakki, saknar þú þá Íslands?

Já, og þá helst vina minna og Vesturbæjarlaugarinnar og líka skafrennings og útilegu, ekki bæði í einu samt.



Sjáðu

Skannaðu og sjáðu hvað Arnar Eggert og Benedikt segja um Biophilia



Annars þoli ég reyndar ekki hrós, þau fara rosalega illa í mig.





Christina Aguilera

Secret Potion

YOUR SECRET TO SHINE



THE NEW FRAGRANCE

CHRISTINA-AGUILERA-PERFUMES.COM

NJÓTIÐ AUGNABLIKSINS

Monitor hitti nokkra **Airwaves**-aðdáendur og spjallaði við þá um hátíðina í ár, hverju þau eru spenntust fyrir og hvernig ætti að koma sér í Airwaves-gírinn.



Hjalti Axel Yngvason

Hvað hefur þú farið oft á Airwaves? Þrisvar sinnum.

Hvað er eftirminnilegast? Klaxons í Listasafninu, Late of the Pier á Nasa, Jose Gonzales í Þjóðleikhúskjallaranum þar sem ég óð upp á svið og tók í hendina á honum og þakkaði honum fyrir, Whitest Boy Alive og svo röðin á Ratatat sem ég gafst upp á og reyndi að klifra inn um gluggann á Nasa. Það tókst ekki.

Hvað ætlar þú að sjá í ár? Af þeim erlendu er ég spenntastur fyrir Beach House, tUnE-yArDs, Elephant Stone, The Ghost Of A Saber Tooth Tiger, Young Galaxy og Leif Vollebekk en af þeim íslensku eru það Retro Stefson, Prins Póló, Klassart, Ojba Rasta, Hjaltalín, Lifun, Jón Jónsson og GusGus. Síðan er alltaf skemmtilegast að detta inn á eitthvað sem maður veit ekkert hvað er og komast að því að maður filar það í botn.

Hvernig kemur þú þér í Airwaves-gírinn? Að hlusta á einhverja tónlistarmenn sem ég hefði ábyggilega ekki heyrt um ef þeir væru ekki að koma á Airwaves.

Heilræði fyrir Airwaves? Það er mjög mikilvægt að vera í góðum skóm sem þægilegt er að standa í lengi, síðan er lykilatriði að stilla drykkjunni í hóf fyrstu dagana og taka sér svo hið klassíska eftir-Airwaves frí á mánudeginum, yfirmanni þínum til mikillar gleði og undrunar.



Margrét Björnsdóttir

Hefur þú farið oft á Airwaves? Ég hef farið tvisvar sinnum áður.


Hvað er eftirminnilegast? Ég verð að segja Chromeo árið 2007, á hápunkti hipsteratímabilsins míns. Mér fannst þeir alveg frábærir. En svo eru Of Montreal-tónleikarnir í Hafnarhúsinu ansi eftirminnilegir.

Hvað ætlar þú að sjá í ár? Ég ætla að kíkja á stórvini mína í Lockerbie og Snorra Helgason. Ég verð að sjá Beach House og jafnvel Karkwa. Svo er ég rosa heit fyrir að sjá Mugison flytja Haglél diskinn. Annars á ekkert að vera að plana of mikið.

Hverju ertu spenntust fyrir? Ég er svakalega spennt fyrir Beach House, John Grant, Dungen og HAM. En ég er líka mjög spennt fyrir að klæða mig upp, því Airwaves er ekki bara tónlistarhátíð fyrir mér. Þetta er svona semí eins og 5 dagar af áramótum. Á Airwaves er allur klæðnaður leyfilegur.

Hvernig kemur þú þér í Airwaves-gírinn? Ég set á góða Airwaves-tónlist og dansa.

Heilræði fyrir Airwaves? Ég myndi fara í hlýjum jakka því það getur verið algjört helvíti að bíða í röðunum eða bara vera búin að drekka nógu mikið. Og að sjálfsögðu að mæta tímanlega á staðina.



Sigurður Eggertsson

Hefur þú farið oft á Airwaves? Ég hef farið á fimm hátíðir og stefni eins og óð fluga á þá sjöttu. Margir vina minna missa ekki úr hátíð og taka út veikindadaga á þessum tíma.

Hvað er eftirminnilegast? Eftirminnilegustu tónleikarnir voru þeir allra fyrstu í flugskýlinu. Þá var ég aðeins sautján ára og svindlaði mér inn á ljósrituðum miða og fannst ótrúleg upplifun í alla staði.

Hvað ætlar þú að sjá í ár og fyrir hverju ertu spenntastur? Ég er þrælspenntur fyrir mörgum böndum í ár eins og Agent Fresco, Hljómsveitin Ég, Jónas Sig og Ritvélur Framtíðarinnar, Mugison, Valdimar og enn fleiri en ég kem fyrir hér. Það væri draumur að sjá öll þessi bönd koma fram, en stundum þarf að velja og hafna. GusGus kemur mér alltaf í Airwaves-gírinn, helst þó eldri lögin þeirra.

Heilræði fyrir Airwaves? Heilræði fyrir þá er ætla sér á hátíðina er að gera smá heimavinnu, vita hvert maður ætlar sér og hvenær. Einnig er góð og hlý úlpa skilyrði því raðirnar geta verið geigvænlegar á vinsælustu atburðina. Úlpan verður þó að vera verðlaus í augum viðkomandi því henni þarf að henda af sér þegar inn er komið án þess að þæla í afdrifum hennar frekar. Einnig mæli ég eindregið með því að vera með bros á vör og ást í hjarta því þá skiptir í raun ekki máli hversu löng röðin er eða léleg böndin, maður fer alltaf sáttur heim.



Þorkell Máni Pétursson

Hvað hefur þú farið oft á Airwaves? Ég held ég hafi farið á meira en minna allar hátíðirnar síðan þetta byrjaði, þannig að þetta verður ellefta skiptið mitt núna í ár.

Hvað er eftirminnilegast? Eftirminnilegustu tónleikarnir eru einna helst Ham, Mínus og 80th Matchbox b-line disaster. Þeir voru mjög eftirminnilegir og virkilega góðir.

Hvað ætlar þú að sjá í ár? Ég er mjög spenntur fyrir kölskavöldinu í Hörpu á miðvikudag. Ég held að það sé mitt „line up“ nokkuð augljóslega. Það eru margir skemmtilegir tónlistarmenn sem koma þar fram.

Hverju ertu spenntastur fyrir? Ég er mjög spenntur fyrir Glóbus og Rakvélunum. Síðan er ég líka virkilega spenntur að sjá böndin Zebra and Snake og 22-Pistepirrkó, það verður gaman.

Hvernig kemur þú þér í Airwaves-gírinn? Ég fæ mér bara tvöfaldan soja-latte og kemst í góðan Airwaves-gír við það.

Heilræði fyrir Airwaves? Bara ekki halda að þú sért eitthvað merkilegur og farðu í röð.



Þórhildur Þorkelsdóttir

Hvað hefur þú farið oft á Airwaves? Ég hef farið þrisvar, árin 2007, 2008 og 2010.

Hvað er eftirminnilegast? Mod-erat í Listasafninu í fyrra standa algjörlega upp úr. Svo má nefna Yelle, Chromeo, the Teenagers, CSS, Familjen, Vampire Weekend og Timber Timbre. Svo voru íslensku böndin Jungle Fiction, Retro Stefson og FM Belfast líka öll með klickaða tónleika í fyrra.

Hvað ætlar þú að sjá í ár? Því miður kemst maður aldrei yfir að sjá allt sem mann langar, en þá er „off venue“-dagskráin líka algjör snilld! Vonandi næ ég bara að sjá sem allra mest.

Hverju ertu spenntust fyrir? Beach House hafa verið í miklu uppáhaldi síðustu ár svo ég er virkilega spennt að sjá þau loksins „live“. Annars er ég mega spennt fyrir TuNe YaRdS, Totally Enormous Extinct Dinosaurs, The Ghost Of A Saber Tooth Tiger, SBTRKT og svo verður forvitnilegt að sjá Sinéad O'Connor!

Hvernig kemur þú þér í Airwaves-gírinn? Í mínum augum er Airwaves það allra skemmtilegasta sem gerist á Íslandi þannig ég þarf varla meira en hugsa út í það til að komast í gírinn. En annars er smá hefð hjá mér að tékka á böndunum sem eru að fara að spila á youtube og búa til Airwaves-playlista.

Heilræði fyrir Airwaves? Ekki plana of mikið og njóttu augnabliksins. lh

Settu saman þína eigin dagskrá í appinu og deildu henni á Facebook. Svo færðu áminningu í símann korteri fyrir tónleikana.



m.siminn.is/airwaves

Náðu í Airwaves appið og upplifðu hátíðina með okkur

Síminn



FERSKT
Framreitt fyrir þig



Heystack
salat

FERSKT
Framreitt fyrir þig



Naanlokumáltíð
Tandoori



Heimsborgara
máltíð

989^K_R
MÁLTÍÐIN

OKTÓBERFEST

Lukkan er með þér því þessar þrjár gæðamáltíðir
kosta aðeins 989 krónur hver.

Allir finna eitthvað við hæfi á Metro.



Hvernig upplifir þú Airwaves-hátíðina?

Bara vel, það er frábært að hafa eina almennilega tónlistarhátíð í Reykjavík. Ég held að við höfum spilað á flestum og það hefur alltaf heppnast vel. Það var sérstaklega gaman fyrir okkur að hafa verið þátttakendur í því að koma þessu fyrirbrigði á legg. Þegar við gerðum fyrstu Airwaves-hátíðina í flugsýli á Reykjavíkurlugvelli 1999, ásamt Quarashi og Sigur Rós. Hún átti mikinn þátt í því að ferill þeirra fór á flug. Þannig að mér finnst þessi hátíð mjög mikilvæg fyrir íslenska tónlistarsenu. Hún hefur einnig verið mjög gott „milestone“ fyrir íslensk bönd sem eru að fóta sig. Það að skila almennilegu giggi á Airwaves er ákveðið takmark.

Ferð þú að sjá aðra tónlistarmenn troða upp eða einbeittir þú þér bara að ykkar giggi?

Maður röltir alltaf eitthvað á milli, en yfirleitt án mikillar skipulagningar. Ég man sérstaklega eftir einu kvöldi þar sem ég tókkaði á íslensku „hardcore-senunni“. Það var frábært kvöld og mikill kraftur. Tók eftir því að það var sami trommuleikarinn í öllum böndunum.

Er einhver öðruvísi stemning yfir því að troða upp á Airwaves heldur en öðrum giggum niðri í miðbæ Reykjavíkur?

Í rauninni ekki, sama hvar við höldum tónleika þá er aðkoma okkar alltaf sú sama. Vanda sig og vera þokkalega til fara.

Leggur bandið mikið upp úr sjónarspili tónleika, svo sem ljósasýningu?

Ljósín eru mjög mikilvægur hluti af GusGus-tónleikum og þá er gott að hafa besta ljósamann á landinu, hann Agga, með sér í liði. Mikilvægast af öllu er þó að það sé gott sánd. Tónlistin okkar reynir mikið á lágar tíðnir og það er ekki alltaf sem hljóðkerfi eru okkur til hæfis. Við höfum því alltaf lagt mikla áherslu á að ná fram góðu sándi þegar við spilum okkar tónleika heima. Mér skilst einnig að það verði dúndurkerfi í Listasafninu þannig að við hlökkum til.

Þið hafið spilað á ýmsum tónlistarhátíðum fyrir utan landsteinana. Hvernig er það að spila á Airwaves í samanburði við það að spila úti?

Fyrir okkur þá skiptir umgjörðin litlu máli. Um leið og við byrjum þá snýst þetta um performansinn og áhlustendur í sal. Hvaða nafn sem er á viðburðinum skiptir engu þegar við setjum í gang. Það er þó óneitanlega skemmtilegt að spila á stórum hátíðum, sérstaklega þegar við erum á góðum stað í dagskránni.

Þið eruð úti í Þýskalandi þessa stundina. Hvað eruð þið að gera þar?

Við erum á Þýskalands- og Póllandstúr núna og höfum náð að skila geggjúðum giggum það sem af er og vonandi heldur það áfram. Eftir Airwaves höldum við svo aftur út og eftir áramót verðum við einnig á talsverðum þvælingi.

Þegar þið spilið „læv“ verða uppbyggingarkafnar laganna ykkar oft töluvert lengri en á plötunum. Verða söngvararnir ekkert óþolinmóðir uppi á sviði á meðan?

Það hefur komið fyrir en yfirleitt rúllar þetta vel. Man þó eftir einu giggi á Nasa þar sem ég og Maggí vorum í baklínunni og Urður ásamt Stebba fremst. Þá vorum við komnir upp í þrjá tíma með tíu lög og ég man að framlínan var aðeins byrjuð að koma með athugasemdir. Núna, með þrjá framúrskarandi söngvara í framlínunni, þá fáum við Stebbi lítið tækifæri til að hanga lengi í instrúmental-köflum. Það er alltaf einhver söngvarinn sem tengir og skellir sér í mixið með okkur. elg

SAMI TROMMARI Í ÖLLUM BÖNDUM?

Biggi Veira segir **GusGus** vera með besta ljósamann á landinu en það mikilvægasta af öllu fyrir bandið segir hann vera gott sánd.

**GERIR LÍF MITT BREYTILEGT OG SKEMMTILEGT**

Högni, nú er tónlist Hjaltalín og GusGus frekar ólík. Hvernig er að kúpla sig út úr giggi með öðru bandinu til að gíra sig upp fyrir gigg með hinu?

Það er lítið mál, þetta er allt saman gert úr sama efninu. Það er afskaplega gaman að vinna og spila með öllum þessum krökkum. Hjaltalín er að vinna í nýju efni og ætla að frumflytja nýja músík á Airwaves-hátíðinni þannig að það er spennandi. Það er gott að hafa tækifæri á að vinna í hvorutveggja, gerir líf mitt breytilegt og skemmtilegt.


**Sjáðu**

Skannaðu og sjáðu Högna og President Bongó.



Haust / Vetur 2011

carhartt



Ný sending - Úlpurnar komnar aftur

Fylgstu með okkur á **facebook** og þú gætir unnið vöruúttekt

SMASH

Kringlan s.512 1737
Smáralind s. 512 7737
www.ntc.is

Skemmtilegast að klæðast íslensku

Lára Rúnarsdóttir, söngkona, er að fara að spila á sinni sjöttu **Airwaves**-hátíð núna í ár. Söngdíván er þekkt fyrir skemmtilegan, spes og súperflottan sviðsstíl.

Hvað einkennir „sviðsstílinn“ þinn?

Fyrir rúmu ári byrjaði ég að hugsa þetta öðruvísi. Sviðsdressið mitt er ekki það sem ég geng í dagsdaglega. Ég skipti alltaf um fót eða bæti einhverju við þegar ég er að fara á svið. Stíllinn er rokkaður en ég reyni að halda í þetta íslenska, sjálfstæða, kvenlega útlit, geta sýnt vöxt og smá kynþokka en verið töff í leiðinni. Mér finnst líka mjög gaman að vera í einhverju eftir íslenska hönnuði. Ég er til dæmis að vona að ég fái eitt dress eftir YR til þess að vera í á Airwaves-hátíðinni, en hún er svo upptekin úti í New York að það er ekki víst að það gangi upp.

Hvernig er stemningin fyrir Airwaves?

Hún er virkilega góð. Hún er samt allt öðruvísi en síðustu ár, ég er mun rólegri núna en áður. Í ár ætla ég að vera rosa dugleg að fara að sjá eitthvað skemmtilegt. Ég er í raun bara að spila á fimmtudegi og föstudegi svo ég hef laugardaginn og sunnudaginn til að fylgjast með öðrum. Ég er einna spenntust fyrir Beach House, John Grant og Niki & the Dove af þessu erlenda en svo langar mig líka að sjá Mugison og GusGus ef ég næ að raða þessu vel saman.

Hvað hefur þú spilað oft á Airwaves-hátíðinni?

Ég er að fara að spila í sjötta sinn núna í ár.

Telur þú Airwaves vera góðan glugga fyrir íslenska tónlistarmenn?

Já, vissulega, en það þýðir samt ekki að vera nýbyrjaður og spila á Airwaves og halda að maður meiki það þannig. Maður þarf að vera búinn að kynda sjálfur baklandið og undirbúa sig vel. En að mínu mati veltur þetta ótrúlega mikið á tónlistarmönnum sjálfum, allur bransinn snýst um það hversu duglegur þú ert.

Hvernig lítur Airwaves-dagskráin þín út?

Ég er að spila á fimmtudaginn klukkan níu á NASA og á föstudaginn klukkan ellefu á Glaumbar. Svo er ég með „off-venue“ á Rósenberg eftir gíggjó mitt á fimmtudaginn um klukkan hálfellefu.

lh

LÁRA RÚNARS

Fyrstu sex? 041082

Hvernig myndir þú lýsa stílnum þínum? Hann breytist mjög hratt en í augnablikinu er hann svolítið rokkaður og svartur en samt klassískur og jafnvel smá 80's.

Hver er best klæddi íslenski tónlistarmaðurinn að þínu mati? Ragnhildur Gísladóttir.



Í Airwaves appinu sérðu stöðu

Allt leyfilegt á sviðinu

Þórarinn Guðnason, gítarleikari hljómsveitarinnar **Agent Fresco**, er alltaf flott klæddur á sviðinu en hann spilar á sinni fjórðu **Airwaves** hátíð í ár.

Hvað einkennir „sviðsstílinn“ þinn?

Yfirleitt reyni ég að vera í einhverju léttu og stílhreinu. Við pöntuðum til að mynda fullt af mjög basic bolum frá American Apparell sem eru algjör snilld. Stundum hefur Sara María í Forynju samt hannað geðveik fót á okkur sem eru langt frá því að vera einföld. Sviðið er líka fullkominn staður til að vera öfgakenndur í klæðnaði.

Hvernig er stemningin fyrir Airwaves?

Get ekki beðið, mér finnst þetta alltaf vera hálfgerð árs hátíð. Listamennirnir sem koma fram eru í toppformi og allt er lagt í framkomuna þannig að það er erfitt að verða fyrir vonbrigðum með íslensku böndin. Marga af mínum uppáhalds-artistum hef ég uppgötvað í gegnum Airwaves. Skipuleggjendurnir eru gífurlega góðir í að spotta flott bönd á byrjunarreit sem ná svo langt.

Hvað hefur þú spilað oft á Airwaves-hátíðinni?

Þetta er fjórða skiptið hjá Agent Fresco á Airwaves.

Telur þú Airwaves vera góðan glugga fyrir íslenska tónlistarmenn?

Algjörlega, ekki síst í ár þar sem prósentan af fólki að utan er eins rosaleg og hún er. Ég myndi segja að fyrsta stóra tækifærið okkar hafi verið á fyrstu Airwaves-hátíðinni okkar. Þá spiluðum við á NASA án þess að hafa gefið neitt út og að heyra stappaðan sal syngja með var eitthvað sem ég hafði aldrei upplifað áður og mun aldrei gleyma.

Hvernig lítur Airwaves-dag-skráin þín út?

Við spilum á NASA á miðvikudagskvöldinu, Listasafninu á föstudeginum, órafmagnað í Norræna húsinu á sunnudeginum og svo líklegast eina „off-venue“-tónleika á laugardegnum sem á eftir að staðfesta endanlega. Á Listasafninu og Norræna húsinu verðum við með strengjasveit og aukafólk sem mun spila með okkur.

Annars er ég lítið búinn að skipuleggja hvað ég ætla að sjá. Ég leggst í þetta á næstu dögum. Það er fátt verra en þegar maður uppgötvar að uppáhaldstónlistarmaðurinn manns hefur spilað á Airwaves áður.

ÞÓRARINN

Fyrstu sex? 070289.

Hvernig myndir þú lýsa stílnum þínum?

Hann er yfirleitt einfaldur og stílhreinn. Mér finnst líka gaman að klæðast andstæðum þar sem óvenjulegu flikurnar fá að njóta sín.

Hver er best klæddi íslenski tónlistarmaðurinn að þínu mati?

Það er erfitt að benda á einhvern einn. Mér finnst heildin skipta mestu máli. Ég fíla þegar tónlistarmenn eru með þema eða einhverjar samstæður í klæðnaði. Eins og t.d. hjá FM Belfast, Apparat Organ Quartet, Retro Stefson og Gusgus. Svo dýrka ég það sem Davíð Berndsen er með í gangi.



Bolur Forynja

Buxur Cheap Monday, KronKron

Samfestingur Ziska

Skór Kolaportíð



Mynd/Kristinn

na á biðröðunum í beinni.



FM BELFAST KEYRÐI ALLT
UM KOLL Á NASA Í FYRRA



TECHNOBANDIÐ STEFÁN
Í BRJÁLADRI STEMNINGU
Á BATTERÍINU ÁRIÐ 2009

Bestu lögin

Airwaves appinu geturðu
hlustað á lagalista með
því besta frá fyrri
hátíðum.

MYNDA GÓÐA STEMNINGU

Monitor kíkti í myndaalbúmið og fann nokkrar skemmtilegar stemningsmyndir frá fyrri **Airwaves**-hátíðum.



ÖSKRANDI JAKOBÍNARÍNA
Á HÁTÍÐINI 2005



ROBYN 2010 EN
BATMAN HVERGI
SJÁANLEGUR



SAMMI BÁSÚNAR YFIR
LIÐINU Í BLÁA LÓNINU
UM ALDAMÓTIN



BOB JUSTMAN
Á HRESSÓ 2008



The Beatles glasasett: 4.900 kr.



Scandiphone símar: 9.990 kr.



Buckyballs segulboltar: 4.500 kr.



mimobot 4GB USB kubbar: 4.500 kr.

Nú og skemmtileg gjafavara í
Dogma Smáralind og Laugavegi

DOGMA
- www.dogma.is -



PALLI OG HJALTALÍN
Á DISKÓBAR

Aðalheiður Ýr Ólafsdóttir

Starf: Snyrtifræðingur

Áhugamál: Fitness

Egils



SVARAÐU ÞORSTANUM

V BRENNSLA er nýr, bragðgóður og hitaeiningasnaður íþróttadrykkur. Hann inniheldur L-Karnitín og vítamín, sem hjálpa þér að ná markmiðum þínum.

- ✓ Af hverju að drekka hitaeiningarnar sem þú varst að brenna?
- ✓ Fáðu þér svalandi V BRENNSLU og náðu enn betri árangri

Innihald í 500 ml

Niasín 12 mg	Fólasín 150 µg	Biótín 37,5 µg	B5 4,5 mg	B6 1,05 mg	B12 1,9 µg
75%	75%	75%	75%	75%	75%

L-KARNITÍN
1000 mg
í hverri flösku

Hlutfall af ráðlögðum dagskamti

RÚSSÍBANASJOKK OG ELEKTRÓNÍSKIR STRUMPAR



Vestfirski rokkarinn, **Mugison**, þarf ekki að hafa mikið fyrir því að vera eðaltöfari. **Monitor** fékk hann til að rifja upp tíu eftirminnilegustu augnablikin á sínum ferli.

1 KJALLARINN Í GAMLA APÓTEKINU, ÍSAFIRÐI, 2002

„Þar kom ég fyrst fram sem Mugison. Það var eitthvað það ömurlegasta sem ég hef gert á ævinni og það sem verra var að þetta var örugglega ömurlegra fyrir þá sem voru að hlusta. Ég hafði tekið gítarinn og sönginn út af upptökunum á plötunni svo þetta endaði sem eitthvað viðbjóðslegt karíókísessjón af lögum sem fólk þekkti ekki rassgat.“

2 BÍÓHÚS, SAN FRANCISCO, 2002

„Þetta var eitt af fyrstu skiptunum sem ég var pantaður til útlanda og þá var ég fenginn til að hita upp fyrir kvikmyndina Rokk í Reykjavík. Mér fannst mjög áhugavert að hita upp fyrir bíómynd. Þar hitti ég Sigurjón Sighvats sem mætti með sólgleraugu og sagðist hafa verið á fylleríu með Sean Penn, leikara og Lars Ulrich, trommara Metallica, kvöldið áður. Mjög töff.“

3 INNIPÚKINN Í IÐNÓ, REYKJAVÍK, 2003

„Ég var búinn að spila nokkrum sinnum áður í bænum en þar mættu alltaf bara fimmtán til tuttugu manns, allt bara frændur og frænkur og pabbi og mamma. En þetta gigg var eins og víxla mín inn í krútt-kynslóðina. Þá var ég búinn að selja svona 40 diska í Hljómalind en vikuna eftir þetta fóru svona 200 eintök.“

4 SONAR FESTIVAL, SPÁNN, 2003

„Ég ætlaði að hætta sem tónlistarmaður og hafa þetta sem lokatónleika. En ég náði að lenda í einhverjum galdri svo þetta voru ógleymanlegir tónleikar. Það byrjaði að rigna og fólk sem hafði verið í sólinni flúði inn í bílageymsluna þar sem ég var að spila. Í kjölfarið af því fékk ég hellings athygli í Evrópu. Þetta var viss vendlipunktur á mínum ferli, sérstaklega í útlandinu.“

5 HAMBURG, ÞÝSKALAND, 2003

„Sem fulltrúi Sonar-hátíðarinnar spilaði ég í Hamburg ásamt Jamie Lidell og nokkrum elektrónískum strumpum. Nema hvað að þessi Jamie er alveg stjarnfræðilega fyndinn gaur og talaði mikið með þýskum hreim þarna. Hann hellti mig blindfullan og ég labbaði inn á tónleikana alveg gjörsamlega blekaður. Ég gerði svona Hitler-skegg og heilsaði á þýska vísu og salurinn tæmdist auðvitað strax.“

6 PRIKIÐ, REYKJAVÍK, 2006

„Fyrsta gaggið með bandinu. Tókum eina snögga, opna æfingu á Prikinu. Ég klúðraði öllu þar, kunni ekki eigin grip og var svo stressaður að vera að spila með strákunum. En þetta varð til þess að við æfðum stanslaust í tvo daga til að vera góðir á Listahátíð.“

7 TÚRINN MEÐ QUEENS OF THE STONE AGE, KANADA, 2008

„Ég var með Adda, Guðna, Péttri Ben, Davíð Þór og Bigga hljóðmanni. Það var bara einn stór konfektmoli að rúnta um Kanada með þessum rokkurum. Það er ekkert eitt gigg sem stendur upp úr, þetta var eiginlega bara eitt stórt gigg fyrir okkur.“

8 BERLÍN, ÞÝSKALAND, 2008

„Þetta var í miðju hruninu. Við vorum í smá rússíbanasjokki, byltingin heima og við í útlöndum með engan pening. Við gerðum alveg sjúklega gott „show“ fyrir ríkissjónvarpið í Berlín. Þetta var í beinni útsendingu og það var einhver rosa kraftur í okkur. Við héldum að við þyrftum að spila besta gigg í heimi til að geta fengið eitthvað að gera í Evrópu því að við héldum að við gætum ekkert komið heim eftir hrunið.“

9 TUCSON, ARIZONA, BANDARÍKIN, 2008

„Þarna mætti ein blökkukona með vel amerískan rass og hún hafði séð fréttatilkynningu um að íslenskur blúsari væri að koma að spila í bænum hennar. Hún sagði að þetta væri svo mikil þversögn að hún yrði að tékka á mér. Svo eftir gaggið sagði hún að ég væri svartasti hvíti maður sem hún hafði hitt og splæsti á mig nokkra viski.“

10 FRÍKIRKJAN, REYKJAVÍK, 2011

„Síðasti laugardagur var alveg draumaútgáfudagur og við fylltum Fríkirkjuna tvisvar. Við strákarnir vorum allir ógeðslega slakir og í góðum fíling. Ég fékk svo Fjallabræður til að taka lokalagið með okkur og það var svo gaman að spila alla plötuna og nokkur gömul með og fá svo einhverja fimmtíu vestfirska karlmenn til að klára þetta með okkur. Það var bara algjör alsæla og fólkíð í salnum var alveg með á nótunum.“

jrj

252

Fáðu forvitnilegar upplýsingar um Mugison og hina 251 tónlistarmennina sem koma fram á Airwaves í appinu

MUGISON BÍÐUR
EFTIR HAGLÉLI

THE BODY SHOP

Vinsælar vörutegundir með 30% afslætti

dagana 6.-10. okt.



Dekurvörur með ólífuolíu

Þrjár vörutegundir saman: Rakagefandi "body butter"-húðnæring (200ml) með ólífuolíu, sams konar sturtusápa (250ml) auk skrúbbhanska í lit að eigin vali

Verð nú: 2775 kr.

Verð áður: 3970 kr.



Dekurvörur með kókosolíu

Þrjár vörutegundir saman: Rakagefandi "body butter"-húðnæring (200ml) með kókosolíu, sams konar sturtusápa (250ml) auk skrúbbhanska í lit að eigin vali

Verð nú: 2775 kr.

Verð áður: 3970 kr.



Dekurvörur með smjörtrésmauki

Þrjár vörutegundir saman: Rakagefandi "body butter"-húðnæring (200ml) með smjörtrésmauki, sams konar sturtusápa (250ml) auk skrúbbhanska í lit að eigin vali

Verð nú: 2775 kr.

Verð áður: 3970 kr.



Andlitsvörur með þaraseyði

Þrjár vörutegundir saman: Hreinsimjól (200ml), andlitsvatn (200ml) og dagkrem (50ml) – allt saman vörutegundir sem innihalda þaraseyði og eru sérstaklega ætlaðar feitri húð

Verð nú: 3315 kr.

Verð áður: 4740 kr.



Fyrir eiginmanninum

Tvær vörutegundir saman: "Of a man"-hár og -sturtusápa (200ml) og "Of a man"-svitalyktareyðir (75ml)

Verð nú: 2260 kr.

Verð áður: 3230 kr.



Handa unnustanum

Tvær vörutegundir saman: "White musk sport"-hár og -sturtusápa (200ml) og sams konar svitalyktareyðir (75ml)

Verð nú: 2260 kr.

Verð áður: 3230 kr.



E-vítamín fyrir andlitið

Þrjár vörutegundir saman: E-vítamín dagkremið sívinsæla (50ml), andlitsvatn (200ml) og hreinsimjól með E-vítamíni (200ml). Þessar vörutegundir henta öllum húðgerðum

Verð nú: 3195 kr.

Verð áður: 4570 kr.



Andlitsfarði og andlitsfarðabursti

Tvær vörutegundir saman: Rakagefandi andlitsfarði (þ.e. „Moisture foundation“) og sérstakur andlitsfarðabursti með silkimjúkum nælonhárurum

Verð nú: 3275 kr.

Verð áður: 4680 kr.



Allranauðsynlegasti augnfarðinn

Tvær vörutegundir saman: Svartur „Super volume“-augnháralitur og blautur, svartur augnlínupenni

Verð nú: 2460 kr.

Verð áður: 3520 kr.



SMÁRALIND, KRINGLUNNI, GLERÁRTORGI

Sendum í póströfu sé þess óskað, sími 564 6552



252

hljómveitir og listamenn

6000

armbönd

32

tónleikastaðir

600

tónleikar

4,2

ferkílómetrar

300

klukkutímar af tónlist

2,5

kílómetrar af röðum

Óteljandi

ákvarðanir sem Airwaves appið hjálpar þér að taka!



m.siminn.is/airwaves
Náðu í appið og upplifðu Airwaves með okkur

Síminn

30

FIMMTUDAGUR
6. OKTOBER
2011

MONITOR

MONITOR

LOKAPRÓFIÐ

6. október 2011 |

MONITOR
skólinn

Ég heiti

Arnar Þór Gíslason

Þegar mér var boðið að vera með í Ensími árið

Þú veist hvern ég er af því að

þú veist það, í staðin

Uppáhaldstrommarinn minn er

- a) Lars Ulrich.
- b) Haraldur Freyr Gíslason.
- c) Dave Grohl.
- d) Gunnlaugur Briem.
- e) ég sjálfur
- f) Gísli Frandi minn

Skemmtilegustu giggin eru

- a) títitónleikar fyrir framan mörg þúsund manns.
- b) sveitt bargigg.
- c) brúðkaup.
- d) gott djammssesjon í æfingahúsnæðinu.
- e) Þetta er alltaf stund

Besti meðspilarinn í tónlistinni til þessa er

- a) Mugison
 - b) Birgitta Haukdal
 - c) Lára Rúnars
 - d) Pétur Ben
 - e) Bubbi
 - f) Barði í Bang Gang.
 - g) Eki Hawk
- af því að þú veist það, í staðin

Það sem ég fíla best við Láru Rúnars er

- a) hvað hún er góð söngkona.
- b) hvað hún er sæt.
- c) hvað hún er góður kokkur.
- d) að hún biður mig alltaf um að tromma í lögnum sínum.
- e) Svo er hún svo góð að þú veist það, í staðin

Ef ég væri ekki Arnar Þór Gíslason væri ég

- a) Arnar Þór Viðarsson, knattspyrnumaður.
 - b) Arnar Gunnlaugsson, knattspyrmutvíburi.
 - c) Arnar Grant, hraustmenni.
 - d) Arnar Geir Ómarsson, trommari.
 - e) af því að þú veist það, í staðin
- Eiginhandararitunin mín lítur svona út:



- 2003 hugsaði ég:
- a) „Djöfulsins snillingar!“
 - b) „Mikið var!“
 - c) „Let's rock 'n' roll, baby!“
 - d) Þú veist það, í staðin
- Það sem fíla er vita um mig er þú veist það, í staðin



SATT OG ÓSATT

Vonbrigði lífsins eru að hafa lent í 2. sæti á Músíktilraunum '95 en ekki 1. sæti. Þú veist það, í staðin

Ég er harðari FH-ingur en bróðir minn.

Það er skandall að Pollapönkió spili ekki á Airwaves.

Ég hef slegið í gegn.

Í kvikmynd um ævi mína myndi ég vilja fá Guðna Þórarinn Finnsson til að leika mig en líklega yrði það samt Leonardo di Caprio

Ég hef verið í hljómveitum og spilað sinnnum á Airwaves. Þú veist það, í staðin

Síðasta sms sem ég fékk var frá Ottari Þorpe og í því stóð Þú veist það, í staðin

Ef ég mætti gera einn Facebook-status sem allur heimurinn sæi myndi ég skrifa Hvað er Facebook?




Síðast en ekki síst

» **Hermigervill**, tónlistarmaður, fílar:

Kvikmynd: Blade Runner hefur ávallt verið uppáhaldsmyndin mín. Ekki síst vegna tónlistarinnar eftir Vangelis, sem er engu lík.



Vefsíða: Ég er virkur meðlimur spjallborðssíðunnar www.vintagesynth.com þar sem rætt er um gamla hljóðgervla daginn út og daginn inn.



Bók: Rithöfundurinn japanski Kobo Abe er í uppáhaldi, einkum bókin The Woman in the Dunes, sem ég veit ekki til að hafi verið þýdd yfir á íslensku. Svo hef ég líka verið mikill Tinna-aóðáandi alveg frá blautu barnsbeini, og kann allar Tinnabækurnar utan að.



Staður: Er akkúrat núna í Antwerpen í Belgíu og líkar vel. Ódýr leiga, gott kaffi, temprað loftslag og flottur arkitektúr.



Hér býr rúmlega hálf milljón manna á svæði sem er minna en Reykjavík vestan Elliðaáar. Af hverju getum við ekki gert eitthvað svoleiðis á Íslandi og selt alla bílana úr landi?

Plata: Þetta er erfitt. Platan Snowflakes Are Dancing frá árinu 1974 sem inniheldur japanskar raf-útgáfur af verkum Debussy eftir Isao Tomita er gæsaúð út í gegn. Fleiri á fóninum þessa dagana eru Luke Vibert, Oscar Peterson, Lay Low, Thomas Fehlmann, Gershon Kingsley og nú verður einhver að stoppa mig áður en ég fylli alla síðuna.



SAMSUNG

Samsung GALAXY S II



Einn vinsælasti sími ársins er nú fáanlegur hvítur.

Samsung Galaxy SII er Android snjallsími með 1.2GHz Dual-Core örgjörva, 4.3" Gorilla Glass skjá, 8MP myndavél sem tekur upp hreyfimyndir í HD 720p upplausn og 16GB innbyggt minni. Hraðari, þynnri, léttari og nú fáanlegur hvítur!



og endursöluaðilar út um allt land

ANDROID



Upplifðu Airwaves

Twitter

Four-square

Dagskrá

Allt um böndin

Kort

Þínir dómur

Staðan á röðunum

Streymi á tónlist

Fréttir

Áminning um tónleika

Viðtöl

Layar

Myndbönd

Facebook

On Venue

Þín dagskrá

Tónleika-
staðirnir

Off
Venue



Náðu í Airwaves appið og upplifðu hátíðina með okkur